




Frostafold 3– Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / fjölgun bílastæða - USK24010306

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. febrúar 2024 var lögð fram fyrirspurn Þorgeirs Kristjáns Eybergs, dags. 29. janúar 2024, um fjölgun bílastæða á lóð nr. 3 við Frostafold. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Samþykkt afstöðumynd, Frostafold 3



Götumynd á ja.is, Frostafold 3

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Frostafold 3 borgarhluta 8. Grafarvogi og er hluti af íbúðarsvæði, Foldir.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG: Í gildi er deiliskipulag/skilmálar Foldahverfis, 4. og 5. áfangi, samþykkt í borgarráði 27.11.1984.

Umsögn

Óskað er eftir því að fjölga bílastæðum á lóð Frostafold 3, Grafarvogi. Húsið á lóðinni er skráð sem fjölbýlishús með fjórum íbúðum og byggt 1988, skv. fasteignarskrá. Í skilmálum gildandi deiliskipulagi og á samþykktum uppdráttum er heimilað að hafa eitt bílastæði fyrir hverja íbúð og 0,5 stæði er á íbúð í bílageymslu, einnig eru gestastæði í götunni.

Staðsetning bílastæða og fjöldi þeirra sést á útgefnu mæliblaði og aðaluppdráttum. Í dag er 6 bílastæði á lóð Frostafold 3 og sá fjöldi samræmist samþykktum uppdráttum, gildandi skilmálum í deiliskipulags og aðalskipulagi.

Svo virðist vera að nærliggjandi lóðir hafa útbúið fleiri bílastæði en heimilað er í skipulagi og samþykkt er á uppdráttum fyrir þær lóðir, sá fjöldi er ekki gott fordæmi og samræmist ekki markmiðum og viðmiðunargildum Bíla- og hjólastæðastefnu Aðalskipulags Reykjavíkurborgar 2040.

Niðurstaða

Neikvæmt er tekið í erindið um að fjölga bílastæðum á lóð Frostafold 3, tillagan samræmist ekki deiliskipulagi og markmiðum Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Marta María Jónsdóttir, verkefnastjóri/ landslagsarkitekt FÍLA